

## AUGLÝSING

### um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 22. september 2013 stofnskrá Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Reykjavík, 30. júní 2015.*

F.h. safnaráðs,

**Ágústa Kristófersdóttir** framkvæmdastjóri.

### Fylgiskjal.

#### STOFNSKRÁ Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna.

##### 1. gr.

Eigendur Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna eru Húnaþing vestra, héraðsnefnd Strandasýslu og sveitarfélögin fjögur í Austur-Húnavatnssýslu; Blönduósbær, Sveitarfélagið Skagaströnd, Húnavatnshreppur og Skagabyggð. Safnið er sameign sýslanna og gripir safnsins óskiptir og skráðir sameiginlega.

##### 2. gr.

Heimili safnsins og aðalstarfsstöð er á Reykjum í Hrótafirði. Safnið er rekið af eigendum þess.

##### 3. gr.

Stjórn safnsins er skipuð 3 aðalmönnum og 3 varamönnum. Eigendur safnsins skipa hver fyrir sig einn aðalmann og einn varamann og eru þeir skipaðir til 4 ára í senn. Á fyrsta fundi stjórnar skal hún skipta með sér störfum. Stjórnin ákveður starfssvið safnsins og stefnu við söfnun að fengnu álit safnstjóra. Stjórn safnsins tryggir safninu viðunandi starfsumhverfi og starfsmönnum viðunandi starfsaðstöðu. Stjórn ber að tryggja fjármögnun, að safnið starfi að lögum og sjálfstæði safnsins. Stjórn safnsins fylgir siðareglum Alþjóðaráðs safna, ICOM (International Council of Museums) og semur og staðfestir stofnskrá.

##### 4. gr.

Byggðasafnið starfar samkvæmt gildandi lögum um starfsemi safna í landinu á hverjum tíma m.a. safnalögum, siðareglum ICOM, lögum um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa. Stjórn safnsins skal sjá um að lögum sé fylgt og að unnið sé samkvæmt stofnskrá safnsins og eftir ákvörðunum eigenda og stjórnar safnsins.

##### 5. gr.

Hlutverk safnsins er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka muni og minjar sem hafa menningar- og sögulegt gildi fyrir viðkomandi héruð og íbúa þeirra. Safnið rannsakar og miðlar vitneskju um sögu og menningu héraðanna og setur upp fjölbreyttar sýningar, bæði stórar og smáar, auk þess að vinna að uppsetningu sérsýninga út í héruðunum.

##### 6. gr.

Söfnunarsvæði Byggðasafnsins miðast við Strandasýslu og Vestur- og Austur-Húnavatnssýslur.

## 7. gr.

Eigendur safnsins skuldbinda sig til að tryggja safninu fastar tekjur er geri því kleift að standa við þau markmið sem eru sett fram í stofnskránni. Rekstrarframlög skulu miðast við eðlilegan rekstur safnsins og viðhald húsnæðis. Sækja skal um framlög úr ríkissjóði árlega og möguleikar á að afla safninu sértekna skulu nýttir eins og kostur er m.a. með innheimtu aðgangseyris, sölum minjagripa og með framlögum frá einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum. Safnið hefur sjálfstæðan fjárhag og arður af starfsemi safnsins rennur til þess sjálfs.

## 8. gr.

Safnstjóri leggur tillögur að rekstrar- og verkefnaáætlun hvers árs fyrir stjórn til breytinga og samþykktar. Rekstraráætlun safnsins skal vera afgreidd frá stjórn fyrir gerð fjárhagsáætlana eigenda í héraði og vera lögð fyrir löglegan fund eigenda til samþykktar. Hlutfall á framlagi eigenda skal ákveðið með sérstökum samningi þeirra á milli. Reikningar safnsins skulu endurskoðaðir af lögiltum endurskoðanda.

## 9. gr.

Stjórn safnsins ræður safnstjóra fyrir safnið. Hann skal ráðinn að lágmarki í hálf tærf við safnið. Stjórnin ákveður að starfssvið forstöðumanns með skriflegum samningi og skal sjá til þess að hann sé faglega hæfur, uppfylli skyldur sínar og standi undir ábyrgð.

## 10. gr.

Safnstjóri ber ábyrgð á almennum rekstri safnsins og skal vinna í samræmi við stofnskrá, samþykktir stjórnar og lög og reglugerðir sem gilda um starfsemi safna í landinu. Safnstjóri sér um að ráða starfsfólk að safninu eftir því sem þörf er á. Safnstjóri hefur sjálfstæði til að taka ákvarðanir fyrir safnið innan samþykktis fjárhagsramma, varðandi starfsmannamál, söfnun, lán á minjum og vinnur með stjórn safnsins að stefnumótun. Safnstjóri ber ábyrgð á rekstri safnsins gagnvart stjórn (sé fjármálastjóri í vinnu á safninu ber hann fjárhagslega ábyrgð á rekstri safnsins). Safnstjóri skal hafa aðgengi að eigendum safnsins og skal fylgja siðareglum ICOM. Stjórn skal ekki skipta sér af daglegum rekstri safnsins.

## 11. gr.

Safnið skal vera opið almenningi daglega í 3 mánuði yfir sumarið og lengur ef talin er þörf á. Þá skal vera hægt að sýna safnið þegar þess er óskað utan hefðbundins opnunartíma. Safnið og starfsemi þess skal eftir því sem kostur er á vera kynnt fyrir nemendum í skólum á svæðinu í samráði við skólafirvöld.

## 12. gr.

Safnið leggur áherslu á að safna munum sem hafa sérstök menningarleg tengsl við söfnunar-svæðið. Söfnunarstefna skal vera nánar skilgreind í sérstakri skrá sem samþykkt er af stjórn safnsins. Allir munir skulu skráðir í viðurkennt skráningakerfi og þeim tryggð örugg varðveisla til framtíðar. Stjórn safnsins skal sjá safninu fyrir góðri geymsluaðstöðu fyrir þá muni safnsins sem ekki eru uppi á sýningum hverju sinni.

## 13. gr.

Lögð skal áhersla á að allir helstu munir safnsins séu til sýnis hverju sinni á áhugaverðum sýningum í húsnæði safnsins. Saga munanna og uppruni þarf að koma fram og þeir skulu vera settir í samhengi við búsetu og menningu á svæðinu. Hvort heldur það er gert á sýningum eða í munaskrá. Huga þarf að varðveislu gripa og öryggi í öllu sýningarhaldi. Þá hefur safnið heimild til að setja upp sérsýningar á svæðinu í samvinnu við eigendur þess og þá aðila sem eftir því óska.

## 14. gr.

Safnstjóra er heimilt að ganga til samstarfs við önnur söfn innanlands sem utan og viðurkenndar stofnanir um málefni er varða safnið.

15. gr.

Ef aðili að samstarfi um rekstur Byggðasafnsins ákveður að ganga úr samstarfinu þarf það að tilkynnast með minnst hálfis árs fyrirvara. Í kjölfarið skal endurskoða alla starfsemi og rekstur safnsins og gera viðeigandi breytingar á stofnskrá. Við úrsögn úr samstarfinu missir eigandi allan rétt til safnsins. Eigendur eiga ekki tilkall til eigna eða muna safnsins. Ef aðilar ganga úr safninu fari ennfremur fram uppgjör á eignum og skuldum safnsins.

16. gr.

Hafi safnið notið opinberra styrkja skv. 11. eða 22. gr. safnalaga skal safnkosti þess ráðstafað í samræmi við fyrirmæli stofnskrár eða samþykktar og í samráði við viðkomandi höfuðsafn. Öðrum eigum skal ráðstafað að höfðu samráði við ráðuneyti mennta- og menningarmála.

17. gr.

Breytingar á stofnskrá þessari eru háðar samþykki stjórnar Byggðasafnsins.